

Nd.

813. Nefndarálit

[306. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykjaholtsdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið til fundar við sig umboðsmenn eiganda Deildartunguhvers, Björn Fr. Björnsson lögfræðing og Þorstein Helgason dósent, starfshóp á vegum iðnaðarráðuneytis, Gísli Einarsson deildarstjóra, Pétur Stefánsson verkfræðing og Kristján Sæmundsson jarðfræðing, sem hafa á vegum ráðuneytisins unnið að athugun á hitaveitu fyrir Akranes og Borgarnes. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Edgar Guðmundsson verkfræðingur, ráðgjafi hitaveitunnar, Gaukur Jörundsson prófessor og Jón Þórisson oddviti Reykholtshrepps.

Fyrir nefndinni hafa legið margvísleg gögn, m. a. frá umboðsmönnum eiganda hversins, starfshópum, stjórn hitaveitunnar, hreppsnefnd Reykholtshrepps og íbúum Reykholtshrepps.

Þeirrar skoðunar gætti mjög í umræðum innan nefndarinnar, að æskilegast væri að samningar væru gerðir um jarðhitaréttinn. Frumvarpið gerir aðeins ráð fyrir heimild til eignarnáms og nefndin mælir eindregið með því við alla aðila þessa máls að enn verði gerð tilraun til samninga þrátt fyrir að frumvarpið verði að lögum.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins og flytur breytingartillögu við 3. gr. á sérstöku þingskjali.

Gunnar Thoroddsen tekur fram að hann hefði fremur kosið leigunám en eignarnám, og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögu í þá átt.

Ingvar Gíslason mun skila séráliti.

Alþingi, 18. maí 1979.

Kjartan Ólafsson,
form.

Gunnar Thoroddsen,

Árni Gunnarsson,
fundaskr.

Eðvarð Sigurðsson.

Jósef H. Þorgeirsson,
frsm.

Gunnlaugur Stefánsson.